



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA, segir málið allt hið sérkennilegasta.

VB MYND/HAG

Stjórnsýsla Stjórn Úrvinnslusjóðs var óstarfhæf í nokkra mánuði

Fullkomleglega óþarfur snúningur

Stjórn Úrvinnslusjóðs var óstarfhæf um nokkurra mánaða skeið vegna laga-breytinga sem gerðar voru í fyrra. Lögum um sjóðinn hefur nú verið breytt á ný og lýkur þar með deilum hins opinbera og samtaka atvinnurekenda um skipan stjórnarinnar.

SÆUNN GÍSLADÓTTIR
SÆUNN@VB.IS

Í fyrra var gerð grundvallarbreyting á skipan stjórn Úrvinnslusjóðs með lögum nr. 63/2014. Fyrir breytingarnar skipaði umhverfissráðherra formann stjórnar án tilnefningar, en fimm meðstjórnendur, einn frá hverjum samtökum, voru skipaðir að fenginni tilnefningu SFS, SI, SVÞ, FA og SÍS. Með lögnum sem tóku gildi 1. janúar sl. var fulltrúi SFS felldur út úr stjórninni og fulltrúi SÍS tók sæti hans. Þá voru tveir frá SÍS í stjórn og fulltrúar atvinnulífsins höfðu ekki lengur meirhluta í nefndinni, sem var þvert á upprunalegu lögum um úrvinnslugjald.

SÍS fullyrti að grundvöllur umræddra breytinga væru að SFS hefði samið sig undan gildissviði laganna. Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda, segir að það sé rangt. „Samtökin sömdu sig ekki undan gildissviði laganna á nokkurn hátt né óskuðu þau þess að vera undanskilin gildissviði þeirra. Það rétta í málinu er að SFS hafa gengið til samninga við m.a.

Hvað er Úrvinnslusjóður?

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Starfsemi sjóðsins felst í umsýslu og ráðstöfun úrvinnslugjalds. Allar tegundir af framleiðslu sem falla undir sjóðinn greiða úrvinnslugjald sem rennur til sjóðsins. Úrvinnslusjóður notar síðan þá fjármuni til að endurvinna, endurnýta eða farga þeim tegundum.

Úrvinnslusjóð um framkvæmd og fyrirkomulag einstakra verkefna og eftirfylgni með opinberum kröfum á þessum vettvangi.“

Í kjölfar breytinganna skoruðu fulltrúar atvinnulífsins á umhverfis- og auðlindaráðherra að skipan stjórnar yrði færð í fyrra horf og myndi framvegis vera í samræmi við framleiðendaábyrgð, þ.e. að fulltrúar atvinnulífsins skipi ávallt meirihluta stjórnar sjóðsins. Stjórnin varð óstarfhæf í janúar þegar fulltrúar atvinnulífsins höfnuðu að skipa í stjórnina fyrr en búíð væri að leysa úr málinu.

Hið einkennilegasta mál

Ólafur segir að þetta mál endurspeglí augljósa tilhneigingu opinberra aðila til að ná meiri tókum á sjóðum sem eru alls ekki þeirra. Hann bendir einnig á tilhneigingu í íslenskrí stjórnsýslu að Alþingi breyti stundum lögum á grundvelli mjög ónógra upplýsinga og óvandaðra skoðunar hjá þingnefndum á hvað býr að baki. „Allt var þetta í rauninni hið sérkennilegasta mál og einkennilegt hvað þingið og þingnefndin voru treg til að gera breytingar. Formaður umhverfis-

is- og samgöngunefndar hélt því einnig fram í samtölum við fulltrúa atvinnulífsins að frumkvæði að breytingum til baka þyrfti að koma frá ráðuneytinu þó ráðuneytið hefði hvergi komið að klúðrinu,“ segir Ólafur.

Stjórnamönnum fjölgað

Eftir viðræður var gerð málamíðlun; sjö manns eru nú í stjórn, sjávarútvegurinn fékk aftur sinn fulltrúa, en sveitarfélögin héldu sínum tveimur fulltrúum. Atvinnulífið er hins vegar aftur komið með meirihluta. Ólafur segist aðspurður vera sáttur með endinguna, en segir þó allan þennan snúning hafa verið fullkomlega óþarfan. „Ef þingnefndin hefði í fyrsta lagi haft fyrir því að kynna sér málið og forsöguna, hvaða forsendur lægju að baki lagasetningunni, í öðru lagi að leita til hagsmunaaðila og hafa eitt-hvað samráð, og í þriðja lagi að taka mark á viðvörunum umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um að verið væri að gera vitleysu, þá hefði þetta ekki þurft að fara svona.“ Ekki náðist í Höskuld Þórhallsson, formann umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis við gerð þessarar fréttar.